Kokkur á kútter frá Sandi

Texti: Reinhold Richter (Örnólfur í Vík)

Lag: Ólafur Gaukur Þórhallsson

Ég er kokkur á kútter frá Sandi.
Ég fæ kjaftshögg hvern einasta dag,
og ekki líður mér betur í landi
er ég lendi við konuna í slag.

Hún er tvígild að afli hún Tóta,
að ég tali' ekki um sé hún reið,
enda tek ég þá fljótast til fóta,
því flótti er mín einasta leið.

Ég var ungur er Tóta mig tældi,
okkar trúlofun samstundist birt.
Og í hjónaband þvínæst mér þvældi,
það var óveðursblandið og stirt.

Því þegar frá leið hljóp fjandinn í svínið
og er fædd voru ellefu börn
þá var búið með gaman og grínið,
þá var grátur mín einasta vörn.

Ef ég lifað fæ lengur en Tóta,
er hún leggur á eilífðarbraut
skal ég dansa og daganna njóta,
elda dýrindis rúsínugraut.

En mig hryllir ef hittumst við aftur
er ég héðan af jörðinni fer
nema' að einhver mér ókunnur kraftur
komi óðar og liðsinni mér.

Höfundaskráning: https://skifan.is/FrekariUppl.asp?fmID=TD17

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.